



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Reykjavík 31. október 2019
VEL 2019100015
RÁ/sea

Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Efni: Svar við fyrirspurn um hvert heimilislausir geta leitað ef Gistiskýlið og Konukot er fullt - R19100272

Þann 10. október 2019 lagði fulltrúi Sósíalístaflokks Íslands fram í borgarráði svohljóðandi fyrirspurn:

Hvert geta heimilislausir einstaklingar leitað ef Gistiskýlið og Konukot er fullt?

Svar:

Velferðarsvið reynir eftir fremsta megni að finna heimilislausum einstaklingum næturstað.

Bæði Gistiskýlið og Konukot eru skilgreind sem neyðarnæturathvörf. Gistiskýlið hefur 25 pláss, en hægt er að bæta við 5 neyðarplássum þegar þörfin er mikil. Konukot hefur formlega 8 pláss en getur tekið á móti 12 konum þegar þörfin er mikil. Það heyrir til undantekninga að einstaklingum sé vísað frá vegna plássleysis.

Þann 22. nóvember 2018 var samþykkt í borgarráði kauptilboð á neyðarhúsnæði fyrir 15 einstaklinga. Framkvæmdir standa yfir á húsnæðinu í dag en stefnt er að opnun um miðjan nóvember.

Regína Ásvaldsdóttir
Sviðsstjóri